

## **RAMMASAMNINGUR**

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og rekstaraðila gististaða á Akureyri (hér eftir nefndur verksali), sem gerst hafa aðilar að samningi þessum um gistibjónustu á Akureyri.

### **1. gr.**

#### **Gildissvið og aðild**

Samningurinn er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og tekur til kaupa á gistibjónustu á Akureyri fyrir sjúkratryggða einstaklinga (hér eftir nefndur dvalargestur), sem þurfa heilsu sinnar vegna að dvelja fjarri heimili sínu vegna rannsókna og/eða meðferðar en þurfa ekki á sjúkrahúsdvöl að halda. Dvalargestur getur ekki verið innritaður á sjúkrahús á sama tíma og hann dvelur á gististað.

Gististaðir sem fullnægja kröfum samkvæmt samningi þessum og hafa óskað eftir því að verða aðilar að samningnum, geta gerst aðilar að honum.

Rekstaraðilar gististaða sem síðar vilja gerast aðilar að samningnum, skulu senda um það erindi til SÍ. Með erindinu skulu fylgja upplýsingar sem tilgreindar eru í *fylgiskjali I*. Erindinu skal almennt svarað innan mánaðar frá því það barst SÍ ásamt öllum nauðsynlegum gögnum. Í svari SÍ skal koma fram hvort og þá hvenær heimilt er að veita þjónustu samkvæmt samningnum.

### **2. gr.**

#### **Skyldur verksala, húsnæði og aðbúnaður**

Verksali skal á samningstímanum uppfylla þær kröfur sem lýst er í *fylgiskjali II, Kröfulýsing SÍ um gististaði á Akureyri fyrir sjúkratryggða einstaklinga*, og telst hún hluti af samningi þessum.

Verksali skal setja upp gjaldskrá og skal hún vera til sýnis fyrir aðstandendur og fylgdarmenn.

### **3. gr.**

#### **Heilbrigðisþjónusta**

Dvalargestir sem dvelja á gististað skulu eiga þess kost að fá heilbrigðisþjónustu eins og veitt er einstaklingum í heimahúsum.

### **4. gr.**

#### **Verð og greiðslur**

Fyrir gistibjónustu greiðist fast verð kr. 15.000 m/vsk fyrir hverja gistenótt með fullu fæði. Hlutur dvalargests í verðinu er nú kr. 1.200,- skv. reglugerð um gjald fyrir dvöl á sjúkrahótel, nr. 207/2010. Hluti SÍ er því mismunur á heildarverði og hlut dvalargests. Þeim hluta greiðslu sem SÍ ber að greiða skal verksali aldrei veita viðtöku úr hendi dvalargests.

**5. gr.  
Greiðslutilhögun**

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma.

Reikningar skulu sendir SÍ mánaðarlega. SÍ greiða reikninga inn á bankareikninga verksala innan 10 virkra daga frá móttöku þeirra, séu þeir athugasemdalausir.

Reikningur til SÍ fyrir dvöl skal vera staðfestur með undirritun dvalargests.

Beiðni, gerð af lækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður, skal fylgja reikningi til SÍ.

Eftifarandi upplýsingar skulu koma fram á reikningi eða fylgiskjali með reikningi:

- Nafn og kennitala
- Innritunardagur, útskriftardagur og fjöldi gistenátta.

SÍ geta hvenær sem er óskað skýringa á reikningi og ber reikningseiganda að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- Greiða reikning með fyrirvara.
- Hafna greiðslu reiknings.

SÍ geta farið fram á að reikningar berist rafrænt til stofnunarinnar, í samræmi við færslulýsingu sem stofnunin gefur út. Rafræn samskipti aðila og varðveisla gagna skulu fara eftir ákvæðum laga um bókhald nr. 145/1994.

**6. gr.  
Ábyrgð og tryggingar**

Verksali ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka ef um þá er að ræða og auk þess tjóni er SÍ eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess. Verksali skal hafa allar lögboðnar tryggingar.

**7. gr.  
Samskipti á samningstíma**

SÍ skipa fulltrúa til að annast samskipti við verksala á samningstímanum. Hlutverk hans verður að hafa eftirlit með því, fyrir hönd SÍ, að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samningsins.

Verksali eða SÍ geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við dvalargesti.

**8. gr.  
Framsal**

Verksala er óheimilt, án skriflegs samþykkis SÍ, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef verksali fær slíka heimild, breytast í engu skyldur verksala gagnvart SÍ.

**9. gr.  
Pagnarskylda**

Verksali og allir starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd samnings þessa og leynt á að fara. Þagnarskylda helst þótt verksali framselji einstaka þjónustuliði til undirverktaka og eftir að samningi þessum lýkur.

**10. gr.  
Eftirlit**

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við verksala og heimsóknum á gististaði.

**11. gr.  
Vanefndir**

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að verksali uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta aðild verksala að honum og heimta bætur fyrir fjártjón sem viðkomandi verksali hefur valdið. Sé um misferli að ræða, geta SÍ fyrirvaralaust sagt upp samningnum gagnvart viðkomandi verksala.

Með sama hætti skal verksala heimilt að rifta aðild sinni að samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningssambandi aðila lýkur.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur verksala er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

**12. gr.  
Lok starfsemi**

Einstakir verksalar, sem ekki vilja lengur starfa samkvæmt rammasamningi þessum, skulu tilkynna það skriflega til SÍ með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Heimilt er að semja um styttri uppsagnarfrest.

SÍ er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart einstökum verksölum, sem uppfylla ekki skyldur sínar skv. samningnum.

**13. gr.  
Dómsmál**

Rísi mál út af samningi þessum má leggja það fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**14. gr.  
Gildistími**

Samningur þessi gildir frá 1. október 2015. Hann er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara, miðað við mánaðamót.

**15. gr.  
Fyrirvarar**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra og fjárhagslegar skuldbindingar í samningnum eru með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir í fjárlögum.

Reykjavík, 28. september 2015

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Gudlaug Þjórnsd  
Íslandsfjárhagsþróunarsjóður

Staðfesting heilbrigðisráðherra

Kirkjainfórt Jónas

## *Fylgiskjal I*

### **Aðild að rammasamningi**

Rekstraraðilar gististaða sem vilja gerast aðilar að samningnum skulu senda eftirfarandi upplýsingar til SÍ:

- Útfyllt umsóknareyðublað um aðild að rammasamningi gististaða á Akureyri og Sjúkratrygginga Íslands
- Afrit rekstarleyfis

## **Kröfulýsing SÍ um gististaði á Akureyri fyrir sjúkratryggða einstaklinga**

Í þessum kafla er að finna kröfulýsingu SÍ varðandi gististaði, ítarlegar kröfur til verksala og almennar upplýsingar um lágmarkskröfur varðandi kaup á gistibjónustu.

### **Skipulag þjónustunnar**

Skipulag, veiting og umfang þjónustunnar skal vera í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga sem eiga við reksturinn.

Innifalið vegna kaupa á gistingu skal vera allt það sem tekur til almennra þátta rekstrar og þjónustu, þ.m.t. kostnaður vegna starfsfólks sem sinnir almennri þjónustu, til að mynda stjórnun, starfsfólk í móttöku, símavörslu, næturvörslu og annari húsvörslu. Umbeðin þjónusta tekur einnig til kostnaðar vegna starfsfólks í eldhúsi, við uppask, í þvottahúsi, kostnaðar vegna starfsfólks sem annast almenn þrif, umbúnað rúma og tiltekt á herbergjum og sameiginlegum rýmum o.fl.

Innifalið skal vera fullt fæði.

### **Heimasíða gististaðar**

Æskilegt er að verksali hafi heimasíðu fyrir gististað á veraldavefnum, þar sem birtar eru almennar upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er, ásamt vaktþjónustunúmeri/um og upplýsingum um hvernig bókanir fara fram.

### **Bókanir og forsenda fyrir dvöl á gististað**

Beiðni um dvöl er forsenda fyrir dvöl og skal vera skrifleg til dvalargests á sérstöku eyðublaði, sjá nánar *fylgiskjal III*. Beiðnin skal fylgja reikningi til SÍ. Hámarksdvalartími skv. hverri beiðni er 21 dagur. SÍ geta þó veitt undanþágu í einstökum tilvikum, skv. beiðni frá lækni, ljósmóður eða hjúkrunarfræðingi.

### **Skjólstæðingar SÍ og aðrir gestir**

Dvalargestir sem dvelja á gististað skulu vera sjálfbjarga með að komast fram úr rúmi og eiga sjálfir að geta séð um allar athafnir daglegs lífs. Dvalargestir þurfa að hafa með sér öll hjálpartæki sem þeir þurfa að nota svo sem hjólastóla, göngugrindur og hækjur.

Dvalargestir sem dvelja á gististað skulu eiga þess kost að fá heilbrigðisþjónustu eins og veitt er einstaklingum í heimahúsum.

Dvalargestir sem þess þurfa er heimilt að hafa aðstandanda eða fylgdarmann með sér í sama herbergi. Hafa skal gildandi gjaldskrá til sýnis fyrir aðstandendur og fylgdarmenn.



## Aðbúnaður og stærð herbergja

Hvert herbergi skal hafa baðherbergi og vera a.m.k. 16 m<sup>2</sup> að stærð að meðtöldu baðherbergi. Herbergi skulu hafa gluggatjöld sem taka birtu, hæfilega hituð og lofræst á fullnægjandi hátt. Herbergi skulu hafa einstaklingsrúm sem eru a.m.k. 90 cm breið og 200 cm löng, náttborð, tvo stóla og borð til að sitja við, leslampa, fataskáp, lesljós við rúm, sjónvarp, síma, nettengingu og gott aðgengi fyrir hjálpartæki t.d. göngugrindur. Möguleiki skal vera til staðar að bjóða upp á tveggja manna herbergi ef dvalargestur hefur fylgdarmann með sér.

## Aðbúnaður og stærð herbergja fyrir fatlaða

Ekki eru gerðar kröfur um herbergi fyrir fatlaða. Sé slíkt herbergi þó í boði skal það uppfylla eftirfarandi:

- **Aðbúnaður herbergja fyrir fatlaða:** Hvert herbergi fyrir fatlaða skal hafa baðherbergi og vera a.m.k. 16 m<sup>2</sup> að stærð að meðtöldu baðherbergi. Hindrunarlaust snúningssvæði skal vera í herberginu. Herbergi skulu hafa gluggatjöld sem taka birtu, hæfilega hituð og lofræst á fullnægjandi hátt. Herbergi skulu hafa einstaklingsrúm sem eru a.m.k. 90 cm breitt og 200 cm langt, náttborð, stól og borð til að sitja við, leslampa, fataskáp, lesljós við rúm, sjónvarp, síma, nettengingu og gott aðgengi fyrir hjálpartæki t.d. göngugrindur eða hjólastóla. Möguleiki skal vera til staðar að geta komið fyrir öðru einstaklingsrúmi sem er a.m.k. 90 cm breitt og 200 cm langt ef dvalargestur hefur fylgdarmann með sér.
- **Aðbúnaður baðherbergja fyrir fatlaða:** Baðherbergi skal vera fullbúið með sturtu. Grunnflötur baðherbergis skal vera þannig skipulagður að hægt sé að koma við hindrunarlausu snúningssvæði framan við salerni og sturtu. Á hverju baðherbergi skulu jafnframta vera tveir stuðningsarmar við salerni og einn stuðningsarmur við sturtu þannig að auðvelt sé að athafna sig í og úr hjólastól. Á baðherbergi skal vera sturta þar sem auðvelt er að renna inn sturtustól/baðstól. Sturta skal vera þrepalaus. Hurð skal opnast út eða vera rennihurð. Baðherbergi skulu lofræst með opnanlegum glugga eða vélrænni lofræsingu.

## Almennt um aðgengi og þjónustu

Ekki er krafa um aðgengi fyrir fatlaða.

Æskilegt er að móttaka sé mönnuð allan sólarhringinn a.m.k. einum starfsmanni. Sé ekki næturvarsla skal vera vel auglýst símanúmer sem hægt er eftir atvikum að leita aðstoðar.

## Fæði

Verksali skal sjá dvalargestum fyrir fullu fæði og aðstöðu í borðstofu til að matast á. Fullt fæði telst vera morgunverður, heit máltíð í hádeginu, eftirmiðagskaffi,

kvöldverður (ýmist heit eða köld máltíð) og kvöldhressing. Tími milli máltíða, frá morgni til kvölds, skal að jafnaði vera 3-4 klst. og tíminn frá kvöldhressingu til morgunverðar má ekki vera lengri en 11 klst. Samsetning fæðis skal taka mið af markmiðum manneldisráðs. Verksali skal huga að næringargildi og samsetningu máltíða. Verksali skal sjá til þess að gestir sem þurfa sérfæði svo sem vegna sjúkdóms fái fæði við sitt hæfi.

Framleiðsla og framreiðsla fæðis skal vera á kostnað verksala. Framreiðsla matar skal öll fara fram í matsal gististaðar. Starfsfólk sem framreiðir mat skal tala íslensku og tileinka sér faglega framkomu sem samræmist þörfum þeirra sem dvelja á gististaðnum.

Dvalargestir sem þurfa sérfæði svo sem vegna sjúkdóms skulu fá fæði við sitt hæfi. Verksali skal þá útvega sérfæði með aðra næringarsamsetningu (saltlítið, sykurlaust, mjólkurlaust, létt fæði, maukfæði eða fljótandi).

## **Undirverktakar**

Verksali skal upplýsa hvaða hluta þjónustunnar hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og skulu þær upplýsingar liggja fyrir áður en samningur er undirritaður. Verksali skal jafnframt upplýsa SÍ um hvaða undirverktaka hann hyggst nota og leita samþykkis SÍ áður en undirverktaki hefur störf. Upplýsingar verksala um undirverktaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð verksala gagnvart SÍ. Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum verksamningi.

## **Þagnarskylda**

Verksali og allir starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd þjónustunnar.

## **Verklag, beiðni og bókun um dvöl**

- Verksali skal svara eins fljótt og unnt er hvort til staðar sé laust herbergi.
- Dvalargestur framvíesar beiðni\* við innritun.
- Við bókun getur verksali farið fram á greiðslukortanúmer eða aðra tryggingu frá dvalargesti.
- Reikningur fyrir dvöl til SÍ skal vera staðfestur með undirritun dvalargests.
- Útgefandi beiðni ábyrgist að dvalargestur uppfylli öll skilmerki og ábendingar fyrir dvöl.

*\*Beiðni/tilvísun um dvöl skal vera skrifleg til dvalargests á sérstöku eyðublaði frá lækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður.*